

FW: Hlíf II

Til : Bryndís Ósk Jónsdóttir
Frá : Birgir Gunnarsson
Heiti : FW: Hlíf II
Málsnúmer : 2020040058
Málsaðili : Súðavíkurbreppur
Skráð dags : 30.04.2020 09:28:23
Höfundur : Birgir Gunnarsson
Viðhengi 1557_001.pdf1557_001.pdf

Sæl Bryndís

Tökum þetta erindi fyrir bæjarráð.

Kær kveðja,

Birgir Gunnarsson bæjarstjóri

450 8024 – 897 3464 - birgir@isafjordur.is

From: Bragi Þór Thoroddsen [mailto:bragi.thor.thoroddsen@sudavik.is]

Sent: fimmtudagur, 30. apríl 2020 09:23

To: Birgir Gunnarsson

Subject: Hlíf II

Sæll Birgir,

Vísa til samtals okkar í gær um Hlíf II.

Forsagan er sú að Súðavíkurbreppur ákvað á fundi sveitarstjórnar að selja tvær íbúðir á Hlíf II í Torfnesi. Ástæðan er einkum sú að íbúðirnar hafa undanfarið verið í leigu á almennum markaði svo að segja, en gegna ekki hlutverki fyrir íbúa Súðavíkurbrepps. Þá er staðan sú, að þeir sem kjósa að leigja á Hlíf II verða sjálfkrafa íbúar annars sveitarfélags og leiðir það að jafnaði til þess að þeir flytjast, bæði hvað varðar aðsetur og lögheimili.

Súðavíkurbreppur er í fasteignaverkefni með félaginu Hrafnshól um uppbyggingu fimm íbúða í fyrsta áfanga og var áformað að tvær af þeim íbúðum skyldu gegna sama hlutverki og íbúðirnar á Hlíf II, þ.e. yrðu leigðar út til eldri borgara sem vilja minnka við sig. Íbúðirnar yrðu að öðrum kosti leigðar á almennum markaði með það í huga að mæta húsnæðisþörf hér í Súðavík, ef sú staða er uppi að ekki sé eftirspurn eftir íbúðum fyrir eldri borgara.

Önnur íbúðin hefur þegar verið seld, en farin var sú leið að bjóða forkaupsrétt að þeim leigjendum og var það lendingin, þ.e. viðkomandi leigjandi leysti hana til sín. Matsverð íbúða var um 20 mkr. +/- án ábyrgðar – eftirspurn er mikil og hafa fjölmargir spurst fyrir um þær. Allt að einu var ákveðið að bíða með sölu á þeim um sinn á frjálsum markaði eftir talsverða andstöðu fólks sem hafði hagsmuna að gæta.

Leigjandi er í þeirri íbúð sem er óseld. Í ljósi aðstæðna vill Súðavíkurbreppur fara þess á leit við Ísafjarðarbæ að leysa til sín þá íbúð með þeim leigusamningi sem er gildur með eigninni. Með því mætti leysa þá stöðu varðandi óánægju þeirra sem standa að þeim leigjanda sem er í íbúðinni, þ.e. leigusamningur yrði áfram í gildi. Eignin yrði seld sem næst því verði sem var nefnt sem gangverð, þ.e. 20 mkr., en er að sjálfsögðu umsemjanlegt og til viðmiðunar.

Eignin verður seld á frjálsum markaði með þeim formerkjum að forkaupsréttur verður boðinn leigjanda, en allt að einu verður íbúðin nú boðin Ísafjarðarbæ til kaups.

Íbúðin er 55 fm – 2 herbergja – fstnr. 212-0704 á 2. Hæð.
Auglýsingin og samantektin er í viðhengi.

Með kveðju,
Bragi Þór

Súðavíkurbreppur
Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri
Grundarstræti 3
420 Súðavík

Sími: 450 5904 / Tel: +354 450 5904
Netfang / E-mail: bragi.thor.thoroddsen@sudavik.is
Vefsíða / Homepage: www.sudavik.is